



### Fundargerð

Miðvikudaginn 30. október 2012 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 15.30 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Ágúst Þór Bragason, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson og Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 1. Fjárhagsáætlun 2012

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun Félags og skólaþjónustu A-Hún fyrir árið 2013. Stjórn yfirfór áætlunina og ræddi einstaka liði hennar jafnt og heildarniðurstöðu rekstrar og sjóðstreymis. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að heildarframlög aðildarsveitarfélaga nemi samtals 55.700 þús. en framlög SSNV vegna málefna fatlaðra muni nema 65.130 þús. Skipting framlaga sveitarfélaganna milli málaflokka og verkefna er að vegna almennrar félagsþjónustu verði samtals 37.058 þús. til skólaþjónustu 9.742 þús. og til öldrunarmála 8.900 þús. Stjórn og félagsmálastjóri gerðu nokkrar breytingar á rekstrarliðum en þær höfðu þó ekki áhrif til breytinga á framangreindum framlögum til málaflokka. Eftir að umræddar leiðréttingar og breytingar höfðu verið gerðar var áætluð rekstrarniðurstaða aðalsjóðs neikvæð um 2,4 milljónir en niðurstaða eignasjóðs neikvæð um 820 þús. og Sæborgar um 3,4 milljónir. Heildarniðurstaða rekstrar er áætluð neikvæð um 6.972 þús. Í sjóðstreymisyfirliti kemur fram að veltufé frá rekstri samstæðu er áætlað jákvætt um 2.103 þús. Fjárfestingar eru áætlaðar 29 milljónir króna og gert ráð fyrir lántöku fyrir þeirri fjárhæð. Að teknu tilliti til fjárfesting og fjármögnunar er gert ráð fyrir að handbært fé lækki um 2.227 þús.

Á fundinum lágu ekki allar samantektartölur fyrir en voru sendar fundarmönnum í tölvupósti til yfirferðar, athugasemda og/eða samþykktar.

Stjórn staðfesti framangreinda áætlun með tölvupósti.

#### 2. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.30

Magnús Sigurðsson,

Ágúst Þór Bragason,

Vignir Sveinsson,

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson